

Afbrotatölfræði

Október 2009

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Hér eru birtar niðurstöður greiningar á afbrotatölfræði fyrir október 2009. Til samanburðar er horft til sama mánaðar síðustu ára.

Yfir 6.100 umferðarlagabrot voru í október sem jafngildir 68% aukningu milli ára (mynd 1). Þessa fjölgun umferðarlagabrota má meðal annars rekja til tveggja stafrænna hraðamyndavéla sem settar voru upp á Suðurlandsvegi í Ölfusi og teknar í notkun í byrjun mánaðarins. Hegningarlagabrotum fækkaði um 18% og voru 1.145. Fíkniefnabrotum fækkaði um 30% en fjöldi þeirra var rétt undir 100 í október. Þau hafa ekki verið færri síðustu 5 ár.

Hraðakstursbrotum fjölgaði og voru þau 5.066 sem er tæplega 2.700 fleiri brot en á sama tíma í fyrra. Þau voru 83% allra umferðarlagabrota eða 163 á dag. Þjófnaðarbrotum fækkaði um 28% og er þetta þriðji mánuðurinn í röð sem þessum brotum fækkar. Innbrotum fækkaði um 11% en þau voru að meðaltali 8 á dag í mánuðinum. Fjöldi eignaspjalla og líkamsárása stendur í stað milli ára (tafla 1).


Þegar horft er til nokkurra tegunda hegningarlagabrota má sjá að hlutfall karla og kvenna er ólíkt eftir brotum á árinu 2008 (mynd 2). Hlutfall kvenna er hæst í þjófnaðarbrotum eða 28% og í nytjastuldi 20%. Í innbrotum er hlutfall karla 92% sem er svipað hlutfall og í eignaspjölum og líkamsárásam. Hlutfall kvenna í innbrotum, eignaspjölum og líkamsárásam er 8-9%.



Mynd 1. Fjöldi brota í október 2005-2009 eftir tegund brots.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í október 2007, 2008 og 2009.

	Okt. 09	Okt. 08	Okt. 07
Hraðakstursbrot	5.066	2.370	3.385
Þjófnaðarbrot	366	511	262
Eignaspjöll	238	238	250
Innbrot	262	293	156
Ölvun við akstur	118	133	150
Fíkniefnabrot	98	141	153
Áfengislagabrot	33	48	115
Líkamsárás (217.-218. gr.)	91	91	131
Akstur gegn rauðu ljósi	48	40	81
Nytjastuldur	28	37	31



Mynd 2. Hlutfall kynja greint eftir brotaflokkum 2008. Miðað er við skráningu í málaskrá lögreglu 4. nóvember 2009.

Afbrotatölfræði

Október 2009

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í október 2007, 2008 og 2009 greint eftir umdæmum.

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot*			Fíkniefnabrot		
	2009	2008	2007	2009	2008	2007	2009	2008	2007
Akranes	20	10	15	61	152	210	0	0	4
Akureyri	58	65	55	118	94	191	8	15	7
Blönduós	3	1	3	31	41	63	1	0	0
Borgarnes	8	16	11	524	114	1.370	4	7	3
Eskifjörður	9	8	9	91	81	65	1	0	0
Húsavík	7	6	3	14	34	21	0	0	0
Hvolsvöllur	3	11	8	36	89	125	0	0	0
Höfuðborgarsvæðið	862	1.077	739	3.050	2.517	2.345	69	95	126
Sauðárkrókur	5	8	8	11	19	91	0	1	0
Selfoss	52	58	50	2.043	92	175	1	7	1
Seyðisfjörður	2	19	11	9	23	58	0	1	0
Snæfellsnes	3	8	3	17	32	80	0	0	0
Suðurnes	86	87	82	90	309	366	13	13	8
Vestfirðir	21	14	12	24	34	89	1	0	2
Vestmannaeyjar	6	10	10	10	5	23	0	2	2
Alls	1.145	1.398	1.019	6.129	3.636	5.209	98	141	153

*Stafrænar hraðamyndavélar eru í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi, á Eskifirði, á höfuðborgarsvæðinu (Hvalfjarðargöng), á Selfossi og á Suðurnesjum.

Hegningarlagabrotum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um 20% milli ára en þessi brot fóru yfir 1.000 í október á síðasta ári en nú voru þau 862. Megin þorri eða 92% hegningarlagabrotu voru skráð hjá fjórum embættum, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, á Akureyri og Selfossi.

Fjöldgun umferðarlagabrotu á Selfossi er rakin til hraðamyndavéla en þær skráðu tæplega 2.000 hraðakstursbrot í Ölfusinu í október. Umferðarlagabrotum fjölgaði hjá embættum lögreglunnar á Akureyri, í Borgarnesi, á Eskifirði, höfuðborgarsvæðinu, Selfossi og í Vestmannaeyjum.

Fíkniefnabrot voru rétt tæplega 100. Þeim fækkaði hjá flestum embættum. Skráð voru fíkniefnabrot hjá 8 embættum af 15.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 13. nóvember og eru tölur fyrir árið 2009 bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni. Önnur verkefni sem lögregla sinnir koma ekki fram í samantektinni. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kærur fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.